



## Krónan veiktist annað árið í röð

*En er áfram sterk í sögulegu ljósi*

Gengi krónunnar, mælt með gengisvísitölu krónunnar, veiktist um 6,4% sé horft á breytingu milli upphafs og loka síðasta árs. Þetta er annað árið í röð sem krónan veiktist en hún veiktist lítillega árið 2017, um 0,7%. Síðustu fjögur árin þar á undan hafði hún styrkst á hverju ári og styrktist hún um 18,4% yfir árið 2016. Það var mesta styrking krónunnar gagnvart viðskiptaveginni myntkörfu í íslenskri hagsögu en Seðlabankinn hóf að birta útreikning á gengisvísitölum árið 1992.

### **Veiktist gagnvart öllum helstu viðskiptamyntum**

Gjaldmiðlar allra helstu viðskiptalanda okkar styrktust gagnvart íslensku krónunni á síðasta ári. Af einstökum gjaldmiðlum styrktist gengi japanska jensins mest gagnvart krónunni, eða um 13,9%. Styrking Bandaríkjadollars var næst mest, eða 11,4% en þar á eftir kom svissneski frankinn með 10,4% styrkingu. Minnst var styrking sænsku krónunnar (2,4%) og Kanadadollars (2,6%). Mismunandi styrking gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni endurspeglar að langmestu leyti verðbreytingar þeirra gagnvart hverjum öðrum. Þannig má t.d. sjá að bæði sænska krónan og Kanadadollar gáfu eftir gagnvart japanska jeninu og Bandaríkjadollar.


### **Raungengi krónunnar þó enn tiltölulega hátt**

Raungengi krónunnar í desember var 90,2 stig og lækkaði það um 8,9% frá sama mánuði árið áður. Þrátt fyrir þessa lækkun á nafn- og raungengi er gengi krónunnar enn tiltölulega sterkt á mælikvarða raungengis sé horft aftur til ársins 1980. Síðan þá hefur raungengið verið lægra en það var í desember um 80% af tímabilinu. Á árunum kringum fall viðskiptabankana fór raungengi krónunnar lægst í 58,4 stig í nóvember árið 2008. Það er rétt rúmlega helmingi hærra í dag en þá.

### **Veltan töluvert minni en árið 2017**

Velta á gjaldeyrismarkaði nam 187,2 mö.kr. á síðasta ári. Það er töluvert minni velta en árið áður þegar hún nam 407,1 mö.kr. Þegar borin er saman heildarvelta á gjaldeyrismarkaði síðustu ár er rétt að


### Gengisbreytingar yfir árið



Sýnir gengisbreytingar innan hvers árs. Jákvætt formerki er styrking krónu


Heimild: Seðlabanki Íslands

### Veiking krónu gagnvart helstu viðskiptamyntum á síðasta ári



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Raungengi krónunnar



Raungengi í desember hvert ár

Heimild: Seðlabanki Íslands



draga frá þá veltu sem kemur til vegna inngrípa Seðlabankans. Sé horft á þá veltu nam heildarvelta á gjaldeyrismarkaði 183,5 mö.kr. á síðasta ári og þarf að fara aftur til ársins 2014 til að finna minni veltu á gjaldeyrismarkaði. Til samanburðar nam velta án inngrípa 324 mö.kr. árið 2017.


#### **Lítil og fá inngríp Seðlabankans á síðasta ári**

Inngríp Seðlabankans á síðasta ári námu einungis 3,7 mö.kr. borið saman við 83 ma.kr. árið áður og 386,2 ma.kr. árið þar á undan. Seðlabankinn greip einungis inn í á gjaldeyrismarkaði fjóra daga á síðasta ári. Hann keypti krónur fyrir gjaldeyri að andvirði samtals 3,3 ma.kr. á þremur viðskiptadögum í september, október og nóvember. Rétt fyrir jól keypti hann gjaldeyri fyrir um 401 m.kr.

#### **Inngrípin verða eflaust töluvert meiri á þessu ári**


Líklegt er að inngríp Seðlabankans verði umtalsvert meiri á þessu ári en í fyrra og helgast það af því að fyrir liggur að viðskipti með aflandskrónur verða gerð frjáls og verður viðskiptum með þær beint í gegnum gjaldeyrismarkaðinn. Lögnum hefur þó ekki verið breytt en frumvarp þess efnis verður líklegast lagt fram í þessum mánuði og að öllum líkindum samþykkt. Seðlabankinn hefur sagt að útfærði vegna aflandskróna verði ekki leyft að veikja krónuna og má því gera ráð fyrir að Seðlabankinn verði töluvert virkur á gjaldeyrismarkaði eftir að aflandskrónum verður leyft að skipta um hendur. Heildarupphæð aflandskróna er um 84 ma.kr. en svigrúm Seðlabankans til að mæta því útfærði með beitingu gjaldeyrisforðans er margföld sú upphæð.

Ma.kr. **Velta á gjaldeyrismarkaði**



Velta án inngrípa Seðlabankans  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Ma. **Inngríp Seðlabankans**



Kaup og sala Seðlabankans á gjaldeyri  
Heimild: Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.